

samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. júní 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 191, 13. apríl 1994 um botn- og flotvörpur.

Ákvæði til bráðabirgða

I.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar er heimilt að nota botn- og flotvörpu með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm. Þó skal lágmarksstærð möskva í a.m.k. 8 öftustu metrum vera 155 mm þegar togveiðar eru stundaðar á eftirgreindum svæðum:

- A) Á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi innan línu, sem dregin er 310° réttvísandi frá stað 66°00'N, 25°15'V, og innan línu, sem dregin er frá stað 66°00'N, 25°15'V, í stað 64°53'N, 25°15'V og þaðan í 90° réttvísandi í stað í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu suður og austur um að 19°50'V þaðan í stað 63°06'N, 18°00'V síðan í 65° réttvísandi að 10°00'V og þaðan 90° réttvísandi út að mörkum fiskveiðilandhelginnar.
- B) Á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst á svæði milli 18°00'V og 21°00'V. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er 6 sjómílnur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. maí 1994

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

*Jón B. Jónasson.***AUGLÝSING**

**um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu
Suðurdalahrepps, Haukadalhrepps, Laxárdalhrepps, Hvammshrepps,
Skarðshrepps og Fellsstrandahrepps í Dalasýslu.**

Nafn hins nýja sveitarfélags (hrepps) skal vera Dalabyggð.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.